

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag við Hjalladæl á Eyrarbakka.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 15. júlí 2004 tillögu að nýju deiliskipulagi við Hjalladæl á Eyrarbakka.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:500 þann 24. febrúar 2004 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 30. apríl til 28. maí 2004 með athugasemdafresti til og með 11. júní 2004.

Uppdráttur og greinargerð fyrir tillöguna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 26. ágúst 2004.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Nr. 731

30. ágúst 2004

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Síðuhverfi, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 20. apríl 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Bakkasíðu 16. Breytingin felst í því að sérstakur byggingarreitur fyrir bílskúr er felldur brott, en byggingarreitur hússins í staðinn lengdur um 4,5 m til suðausturs.

Bæjarstjórn lýsir því yfir að hún tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 30. ágúst 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Nr. 732

31. ágúst 2004

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Þingeyrar 1985-2005, Þingeyraroddi.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 31. ágúst 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Þingeyrar 1985-2005 frá 12. ágúst 1986.

Breytingin felst í því að opið svæði til sérstakra nota við íþróttasvæðið á Þingeyrarodda stækkar til norðurs á kostnað svæðis sem skilgreint er sem opið óbyggt svæði.